

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 5. október 2023

Alþingi
Fjárlaganefnd
v.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til fjárlaganefndar vegna frumvarps til laga um fjárlög 2024, 154. löggjafarþing, þskj. 1 - 1. mál.

Nokkur orð um starfsumhverfi landbúnaðarins og búvörusamninga

Niðurgreiðslur landbúnaðarvara hafa átt sér stað hérlandis síðan árið 1943 og er sá stuðningur ríkisins leið til kjarajöfnunar fyrir heimilin í landinu. Matur er óumdeilanlega grunnþörf og niðurgreiðsla á innlendum landbúnaðarafurðum snýr því einnig að því að allur almenningur hafi aðgengi að öruggum matvælum. Fæðuöryggi á grundvelli innlendrar landbúnaðarframleiðslu er einnig hluti af núgildandi þjóðaröryggisstefnu og landbúnaðarstefnu stjórnvalda.

Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar er beintengt búvörusamningum hverju sinni. Samningarnir eru gerðir á grundvelli búvörulaga og er ætlað að endurspegla hinar ýmsu skyldur stjórnvalda gagnvart íslenskum landbúnaði og að sama skapi kröfur til bænda m.a. um að framleiða.

Skyldur ríkisins gagnvart búvöruframleiðendum

Skyldur ríkisins eru ýmsar á þessu sviði og er þeim ætlað að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði þannig að framleiðsla sé í takt við þarfir á innanlandsmarkaði sbr. t.d. b. og d. lið 1. gr. búvörulaga. Þannig segir í lögnum að ávallt skuli tryggja nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu og að kjör þeirra sem landbúnað stunda skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta. Hvað séu eðlileg kjör samanborið við aðrar stéttir hefur síðan verið skýrt nánar, m.a. í 1. mgr. 8. gr. búvörulaga þar sem fjallað er um verðlagningu mjólkur en þar segir að áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni.

Þá segir í 30. gr. búvörulaga að heimilt sé að mæla fyrir um endurskoðun samnings skv. 1. mgr. á samningstímanum þar sem metin eru áhrif og þróun samkvæmt samningi og teknar upp samningaviðræður að nýju teljist þess þörf. Því verður að telja að samkvæmt lögum sé skýrt að bæði eigi innlend landbúnaðarframleiðsla að anna innanlandsmarkaði auk þess sem afkoma þeirra sem slíka framleiðslu stunda eigi að vera í eðlilegu samræmi við kjör annarra stétta. Bændur bera jafnframt ákveðnar skyldur samkvæmt búvörulögum og búvörusamningnum. Þeir skuldbinda sig m.a. til að framleiða landbúnaðarafurðir og báðir aðilar, þ.e. ríkið og bændur skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Það gefur auga leið að slíkt raungerist ekki nema afkoma bænda sé tryggð til framleiðslunnar. Ríkisvaldinu ber þannig lögum samkvæmt að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði.

Endurskoðun búvörusamninga – kröfugerð

Flestar búgreinar standa frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og hluti þeirra býr við afkomubrest. Staðan er ekki frábrugðin því sem var árið 2022 þegar stjórnvöld komu til móts við bændur með bæði sprettgreiðslum og áburðarstuðningi.

Við upphaf þessa árs gerðu Bændasamtökin ráð fyrir því að það vantaði 9.400 til 12.200 milljónir til að landbúnaðurinn geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum. Hækkanir aðfanga í landbúnaði frá árinu 2021 lítillaga gengið til baka, stærstu liðirnir þar eru áburður, rúlluplast, sáðvara og kjarnfóður. Þar að auki hefur fjármagns og launakostnaður hækkað verulega. Í greiningum Bændasamtakanna er einnig horft til þess að í búgreinum eins og sauðfjárrækt, nautgriparrækt og mjólkurframleiðsla er launagreiðslugeta langt frá því að vera ásættanleg. Að teknu tilliti til þróunar á kostnaði, afurðaverði og fjármagnskostnaði á þessu ári er það mat Bændasamtakanna að fyrra mat hafi ekki verið ofmat heldur sé, að lágmarki, þörf á um 12.000 milljónum inn í greinina á þessu ári til að landbúnaðurinn geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum árið 2023.

Í þessu tilliti verður endurskoðun búvörusamninga að koma til móts við stöðuna sem uppi er til að tryggja framtíðina. Einnig þarf endurskoðunin að vera í samræmi við stjórnarsáttmála, endurspegla stöðu landbúnaðarins til skemmri og lengri tíma og fylgja markmiðum sem sett eru fram í bæði landbúnaðar- og matvælastefnum stjórnvalda.

Aðalkrafa Bændasamtakanna felur því í sér að komið verði til móts við afkomubrest bænda, frá 1. janúar 2023 að telja og út samningstíma núverandi búvörusamninga, á sambærilegum grundvelli og gert var árið 2022.

Sjá kröfugerð í heild í fylgiskjali.

Athugasemdir við verðlagsuppfærslu búvörusamninga

Samkvæmt ákvæðum búvörusamninga skulu árleg framlög samninganna miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn síðan leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

Erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um það með hvaða hætti þessi verðlagsuppfærsla er framkvæmd og óska Bændasamtökin því eftir að fjárlaganefnd kalli eftir gögnum um greiðslur á grundvelli búvörusamninga á verðlagi hvers árs og jafnframt á föstu verðlagi, sundurliðað eftir greiðsluliðum. Í slíku yfirliti þarf einnig að koma fram hvernig verðlagsuppfærsla er framkvæmd og þá sér í lagi leiðrétting í fjárlögum næsta árs.

Endurkrafa matvælaráðuneytisins

Matvælaráðuneytið hefur gert endurkröfu á hluta framlaga til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins fyrir árin 2021-2023, sem greidd eru samkvæmt gerðum búvörusamningum, á þeim grundvelli að framlög hafi verið ofgreidd. Bændasamtökin og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins telja að um misskilning sé að ræða, sem á rætur sínar að rekja til endurskoðunar rammisamnings árið 2021, og verður þessari endurkröfu því mótmælt. Um er að ræða verulega

fjármuni sem ætlað er að kosta ráðgjafarþjónustu í landbúnaði og því mikilvægt að fá úr því skorið hjá fjárlaganefnd hver séu rétt fjárframlög fyrir árið 2024 og út samningstíma núverandi búvörusamninga.

Þá hafa Bændasamtökin ítrekað, en án árangurs, gert athugasemdir við að matvælaráðuneytið hefur ekki skilað ársuppgjörum vegna greiðslna á grundvelli búvörusamninga með sama hætti og var gert á meðan framkvæmdin var hjá Bændasamtökunum og seinna Búnaðarstofu. Slík ársuppgjör eru nauðsynleg til að samningsaðilar geti yfirfarið forsendur og framkvæmd búvörusamninganna.

Úrvinnslugjald á heyrúlluplast og mótvægisáðgerðir

Hækkun á úrvinnslugjaldi fyrir heyrúlluplast sem samþykkt var á Alþingi síðasta vetur var umtalsverð eða á bilinu 150-200 milljónir á ársgrundvelli. Í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar kom fram að þessi hækkun geti orðið bændum íþyngjandi og að enn séu blikur á lofti og því mikilvægt að fylgjast áfram með þróun mála og beita markvissum áðgerðum vegna hagsmuna neytenda, bænda og íslensks matvælaíðnaðar. Þá beindi meirihlutinn því til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að komið yrði til móts við bændur vegna þessara hækkana. Því miður hafa Bændasamtökin engar fregnir af því hvernig haga eigi mótvægisáðgerðum, þrátt fyrir ábendingu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar og þrátt fyrir að hækkun úrvinnslugjaldsins sé komin til framkvæmdar. Þá sendu Bændasamtökin erindi í apríl sl. til umhverfisráðuneytisins, tillögu að mótvægisáðgerð við framangreindri hækkun, um að fella niður úrvinnslugjald á endurunnu heyrúlluplasti sem gæti sparað hátt í 3.744 tonn í Co2 fótspori sé miðað við árlega notkun á heyrúlluplast sem er um 1.800 tonn. Er því óskað eftir því að fjárlaganefnd móti þær mótvægisáðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna þessa árlega kostnaðarauka bænda og að þær verði tilteknar í fjárlögum fyrir árið 2024.

Fjármunir í loftslagsmál landbúnaðarins

Í samkomulagi um breytingar á rammisamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sem undirritað var í ársbyrjun 2021 koma fram ýmis markmið um loftslagsmál í íslenskum landbúnaði. Kemur eftirfarandi þar einnig fram: *Af hálfu stjórnvalda er fyrirhugað að verja verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum. Samningsaðilar telja þýðingarmikið að þar verði stutt við framangreind markmið og munu gera sérstaka samninga um slík verkefni, eftir því sem aðstæður leyfa á gildistíma samkomulagsins.*

Bændasamtökin hafa kallað eftir efnendum á þessu ákvæði samningsins af hálfu stjórnvalda en þrátt fyrir það hafa ekki fengist skýr svör um það hvaða ráðuneyti eigi að bera ábyrgð á þessari samningagerð. Er því óskað eftir því að fjárlaganefnd hlutist sérstaklega til um að tryggja fjármuni í þennan lið búvörusamninga þannig að raungera megi nauðsynlegar rannsóknir á áðgerðum til að draga úr losun, rannsóknir til að sýna raunlosun og kolefnisbindingu í íslenskum landbúnaði sem og áðgerðir til að auka kolefnisbindingu í landbúnaði.

Betri nýting eftirlitsfjármuna

Á síðustu mánuðum hefur verið mikil umræða um kostnað við eftirlit. Fór sú umræða sérstaklega hátt í tengslum við áform um verulega hækkun gjaldskrár MAST. Bændasamtökin hafa í þessu samhengi ítrekað bent á mikilvægi þess að leitað sé möguleika til hagræðingar í

eftirliti. Hafa samtökin átt góð samtöl við forsvarsmenn MAST og telja Bændasamtökin að þar sé verið að vinna að verkefnum sem geti leitt af sér mikla hagræðingu í eftirliti sem felur í sér mjög aukna áherslu á áhættumiðað eftirlit. Einnig hafa Bændasamtökin, þessu tengt, bent á mikilvægi þess að innleiða tæknilausnir til að lækka verulega kostnað við eftirlit. Slík innleiðing á nýrri tækni felur eðlilega í sér aukinn kostnað í upphafi en mun án nokkurs vafa spara gríðarlegar fjárhæðir í eftirlitsiðnaðinum til framtíðar, en slíkur sparnaður mun hafa jákvæð áhrif bæði fyrir bændur og neytendur.

Þá telja Bændasamtökin nauðsynlegt að farið verði í heildar endurskoðun á regluverki í kringum eftirlit með bæði framleiðslu búvara og matvæla almennt, með það í huga að einfalda regluverk og einnig aðlaga það að nýjum lausnum sem margir stærri framleiðendur hafa innleitt s.s. vottuð innanhúss gæðakerfi. Með því má bæði nýta mannafla stofnananna betur og lækka kostnað.

Í ljósi þess að Bændasamtökin fara með hagsmuni meginþorra framleiðenda í landbúnaði í öllum helstu matvælaframleiðslugreinum í íslenskum landbúnaði auk þess að vera samningsaðili fyrir hönd bænda við gerð búvörusamninga óska samtökin þess að fá tækifæri til þess, til viðbótar umsögn þessari, að halda kynningu fyrir fjárlaganefnd á stöðu landbúnaðar á Íslandi og starfsskilyrðum atvinnugreinarinnar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur

FYLGISKJAL

KRÖFUGERÐ
BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS
- vegna endurskoðunar búvörusamninga 2023 –



Endurskoðun búvörusamninga

Undanfarna mánuði hafa staðið yfir viðræður við samninganefnd ríkisins um endurskoðun gildandi búvörusamninga sem gildir til ársins 2026. Fram til þessa hefur enginn vilji verið til að auka fjármagn inn í búvörusamningana og það endurspeglast í nýbirtu fjárlagafrumvarpi og einnig í fjármálaáætlun sem gildir frá 2024 til 2028. Við höfum ítrekað bent á að samkvæmt búvörulögum segir að ávallt skuli tryggja nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu og að kjör þeirra sem landbúnað stunda skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta. Hvað séu eðlileg kjör samanborið við aðrar stéttir hefur síðan verið skýrt nánar m.a. í 1. mgr. 8. gr. búvörulaga þar sem fjallað er um verðlagningu mjólkur en þar sem segir að áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni.

Þá segir í 30. gr. búvörulaga að heimilt sé að mæla fyrir um endurskoðun samnings skv. 1. mgr. á samningstímanum þar sem metin eru áhrif og þróun samkvæmt samningi og teknar upp samningaviðræður að nýju teljist þess þörf. Því verður að telja að samkvæmt lögum sé skýrt að bæði eigi innlend landbúnaðarframleiðsla að anna innanlandsmarkaði auk þess sem afkoma þeirra sem slíka framleiðslu stunda eigi að vera í eðlilegu samræmi við kjör annarra stétta. Bændur bera jafnframt ákveðnar skyldur samkvæmt búvörulögum og búvörusamningnum. Þeir skuldbinda sig m.a. til að framleiða landbúnaðarafurðir og báðir aðilar, þ.e. ríkið og bændur skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Það gefur auga leið að slíkt raungerist ekki nema afkoma bænda sé tryggð til framleiðslunnar.

Án íslensks landbúnaðar mun þjóðin glata einu því besta sem í henni er og við getum verið viss um að þegar bændur verða ekki lengur til staðar eða þeim mun fækka svo um munar að þá höfum við glatað hlutverki okkar sem sjálfstæð þjóð.

Þessi skýrsla er samandregið yfirlit yfir stöðu landbúnaðarins og þær áherslur sem Bændasamtök Íslands hafa lagt upp með í samningaviðræðum við stjórnvöld gagnvart endurskoðun búvörusamninga.

Reykjavík, 28. september 2023

Gunnar Þorgeirsson,

formaður Bændasamtaka Íslands

Efnisyfirlit

Endurskoðun búvörusamninga.....	2
Efnisyfirlit	3
Stöðumat íslensks landbúnaðar 2023	4
Markmið og tilgangur búvörusamninga.....	5
Skyldur ríkisins gagnvart framleiðendum búvara	6
Kröfur Bændasamtakanna í yfirstandandi endurskoðun	7
Aðalkrafa	7
Aðrar kröfur.....	8
A. Afkomuvandi bænda á árunum 2020-2022.....	8
B. Afnáam fjármögnunarþaks búvörusamninga.	8
C. Nýliðun.....	8
D. Tollaumhverfi landbúnaðarins.	8
E. Loftslagsmál landbúnaðarins.....	9
F. Tryggingavernd í landbúnaði.	9
G. Starfsskilyrði garðyrkjunnar – sérkröfur.....	9
H. Starfsskilyrði sauðfjárræktar – sérkröfur.....	11
I. Starfsskilyrði nautgriparæktar – sérkröfur.....	11
J. Starfsskilyrði hrossaræktar – sérkröfur.....	12
Ítarefni til stuðnings kröfum	13
Sauðfjárrækt	13
Nautgriparækt.....	14
Garðyrkja.....	15
Rammamningur.....	16
Landbúnaður og stjórnarsáttmáli.....	17
Búvörusamningar í fjármálaáætlun 2024-2028.....	18
Landbúnaðarstefna stjórnvalda til ársins 2040.....	19
Spretthópsgreiðslur og áburðarstuðningur árið 2022	20
Kjötframleiðsla	21
Þróun á kostnaðarliðum.....	22

Stöðumat íslensks landbúnaðar 2023

Flestar búgreinar standa frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og hluti þeirra býr við afkomubrest. Staðan er ekki frábrugðin því sem var árið 2022.

Við upphaf þessa árs gerðu Bændasamtökin ráð fyrir því að það vantaði 9.400 til 12.200 milljónir til að landbúnaðurinn geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum. Hækkanir aðfanga í landbúnaði frá árinu 2021 hafa ekki gengið til baka. Þar að auki hefur fjármagns og launakostnaður hækkað verulega. Að teknu tilliti til þróunar á kostnaði, afurðaverði og fjármagns á þessu ári er það mat Bændasamtakanna að fyrra mat hafi ekki verið ofmat heldur sé, að lágmarki, þörf á um 12.000 milljónum inn í greinina á þessu ári.

Í þessu tilliti verður endurskoðun búvörusamninga að koma til móts við stöðuna sem uppi er til að tryggja framtíðina. Einnig þarf endurskoðunin að vera í samræmi við stjórnarsáttmála, endurspegla stöðu landbúnaðarins til skemmri og lengri tíma og fylgja markmiðum landbúnaðar- og matvælastefnum stjórnvalda.

Markmið og tilgangur búvörusamninga

Niðurgreiðslur landbúnaðarvara hafa átt sér stað hérlendis síðan árið 1943.

Stuðningur ríkisins í formi niðurgreiðslna er leið til kjarajöfnunar fyrir heimili.

Matur er óumdeilanlega grunnþörf og niðurgreiðsla á innlendum landbúnaðarafurðum snýr því einnig að því að allur almenningur hafi aðgengi að öruggum matvælum.

Fæðuöryggi á grundvelli innlendrar landbúnaðarframleiðslu er hluti af núgildandi landbúnaðarstefnu stjórnvalda.

Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar er beintengt búvörusamningum hverju sinni. Samningarnir eru gerðir á grundvelli búvörulaga og er ætlað að endurspeglar hinar ýmsu skyldur stjórnvalda gagnvart íslenskum landbúnaði og að sama skapi kröfur til bænda m.a. um að framleiða.

Skyldur ríkisins gagnvart framleiðendum búvara

Skyldur ríkisins eru ýmsar á þessu sviði og er þeim ætlað að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði þannig að framleiðsla sé í takt við þarfir á innanlandsmarkaði sbr. t.d. b. og d. lið 1. gr. búvörulaga. Þannig segir í lögnum að ávallt skuli tryggja nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu og að **kjör þeirra sem landbúnað stunda skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta**. Hvað séu eðlileg kjör samanborið við aðrar stéttir hefur síðan verið skýrt nánar, m.a. í 1. mgr. 8. gr. búvörulaga þar sem fjallað er um verðlagningu mjólkur en þar segir að **áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni**.

Þá segir í 30. gr. búvörulaga að **heimilt sé að mæla fyrir um endurskoðun samnings skv. 1. mgr. á samningstímanum þar sem metin eru áhrif og þróun samkvæmt samningi og teknar upp samningaviðræður að nýju teljist þess þörf**. Því verður að telja að samkvæmt lögum sé skýrt að bæði eigi innlend landbúnaðarframleiðsla að anna innanlandsmarkaði auk þess sem afkoma þeirra sem slíka framleiðslu stunda eigi að vera í eðlilegu samræmi við kjör annarra stétta. Bændur bera jafnframt ákveðnar skyldur samkvæmt búvörulögum og búvörusamningnum. Þeir skuldbinda sig m.a. til að framleiða landbúnaðarafurðir og báðir aðilar, þ.e. ríkið og bændur skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Það gefur auga leið að slíkt raungerist ekki nema afkoma bænda sé tryggð til framleiðslunnar. **Ríkisvaldinu ber þannig að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði. Því tengt má áréttta eins og oft áður, að hækkanir aðfanga í landbúnaði frá árinu 2021 hafa ekki gengið til baka. Þar að auki hefur fjármagns- og launakostnaður hækkað verulega milli ára. Flestar búgreinar standa því frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og er staðan því ekki frábrugðin því sem var árið 2022.**

Kröfur Bændasamtakanna í yfirstandandi endurskoðun

Aðalkrafa

Aðalkrafa Bændasamtakanna felur í sér að komið verði til móts við afkomubrest bænda, frá 1. janúar 2023 að telja og út samningstíma núverandi búvörusamninga, á sambærilegum grundvelli og gert var árið 2022.

Bændasamtökin gera ráð fyrir því að það vanti um 12.087 milljónir til að landbúnaðurinn geti staðið undir rekstrarlegum skuldbindingum árið 2023.

Megin skýringin felst í hækkun á kostnaðarliðum einkum áburði, rúlluplasti, sáðvöru og kjarnfóðri. Þá hefur hækkun á Íjarmagnskostnaði einnig gífurleg áhrif. Í greiningum Bændasamtakanna er einnig horft til þess að í búgreinum eins og sauðfjárrækt, nautgriparækt og mjólkurframleiðslu er launagreiðslugeta langt frá því að vera ásættanleg. Kúabændur hafa einnig bent á mikilvægi þess að endurskoða forsendur verðlagsgrundvallar og er að hluta tekið tillit til þeirra krafna í töflunni hér að neðan.

Búgrein	Áætluð upphæð sem vantar inn í búgreinina 2023
Mjólk	4.260
Nautakjöt	2.038
Sauðfjárrækt	2.290
Svínarækt	668
Alifuglarækt	520
Eggjaframleiðsla	363
Garðyrkja	892
Jarðrækt og landgreiðslur	1.056
Alls (millj. kr.)	12.087

Aðrar kröfur

Aðrar kröfur Bændasamtakanna vegna yfirstandandi endurskoðunar:

A. Afkomuvandi bænda á árunum 2020-2022.

Bændasamtökin fara fram á að stjórnvöld viðurkenni uppsafnaðan rekstravanda bænda á árunum 2020-2022 og komið verði til móts við hann.

B. Afnáam fjármögnunarþaks búvörusamninga.

Við endurskoðun búvörusamninga á árinu 2023 er óhjákvæmilegt, eigi landbúnaðarstefnan að ná fram að ganga, að gera breytingar á samningunum þess efnis að með aukinni framleiðslu fylgi samhliða auknir fjármunir úr ríkissjóði inn í búvörusamningana. Sama á við um fjárfestingar- og nýliðunarstuðning en eðli slíkra styrkja er með þeim hætti að tilgangi þeirra er ekki náð þegar mjög takmarkaðir fjármunir eru til skiptanna. Slíkt hamlar nýliðun og tæknivæðingu atvinnugreinarinnar. Í þessu samhengi verður að gæta jafnræðis milli atvinnugreina og má þar m.a. vísa til endurgreiðslna virðisaukaskatts vegna erlendrar kvikmyndaframleiðslu á Íslandi.

C. Nýliðun.

Nýliðun í landbúnaði er nauðsynleg til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og byggðafestu. Auka þarf framlög í nýliðunarstuðning, endurskoða fyrirkomulagið, sem og að leita nýrra leiða til að styðja við kynslóðaskipti. Leggja þarf grunn að því að nýir aðilar komi inn í greinina óháð aldri.

Í landbúnaði er mikið fjármagn bundið í aðstöðu og aðbúnaði miðað við veltu. Atvinnugreinin þarf aðgang að þolinmóðu fjármagni á lágum vöxtum og afkoma í greininni þarf að vera viðunandi til að nýliðar sjái sér hag í að velja landbúnað umfram annan rekstur. Til að svo megi verða þarf landbúnaðarstefnan að vera til lengri tíma og má ekki sveiflast vegna geðþóttaákvæðana einstakra valdhafa hverju sinni. Framleiðendur verða að geta búið við fyrirsjáanleika og stöðugleika. Styðja þarf sérstaklega við þá frumkvöðla sem hefja ræktun á nýjum tegundum, enda þarf að auka fjölbreytni í íslenskri frumframleiðslu matvæla.

D. Tollaumhverfi landbúnaðarins.

Endurskoða þarf tollaumhverfi íslensk landbúnaðar með tilliti til þess að tryggja rekstrarskilyrði innlendrar framleiðslu. Í 10. gr. samkomulags um breytingar á rammamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins segir að tollvernd sé hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins. Í greininni er einnig tiltekið að samningsaðilar séu sammála um að auka verði jafnvægi milli skuldbindinga samningsaðila út frá ávinningi, auk þess sem bregðast verði við mögulegu misræmi í gögnum vegna tollafgreiðslu á innfluttum landbúnaðarafurðum. Er það því skýr krafa Bændasamtakanna að framangreind vinna fari fram án tafar þannig að starfsskilyrði landbúnaðarins verði treyst.

E. Loftslagsmál landbúnaðarins.

E.1 Rammasamningur.

Í endurskoðuðum rammasamningi segir að af hálfu stjórnvalda sé fyrirhugað að verja verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum. Einnig segir að samningsaðilar telji þýðingarmikið að þar verði stutt við þau markmið sem tilgreind eru í samningnum. Bændasamtökin gera kröfu um að þessu ákvæði samningsins verði fylgt.

E.2 Fjármögnun loftslagsaðgerða stjórnvalda.

Fjármunir verði auknir í samningi um starfsskilyrði garðyrkjunnar þannig að ná megi loftslagsmarkmið stjórnvalda um 25% aukningu innlendrar garðyrkjuframleiðslu.

E.3 Skógarplöntuframleiðsla og skjólbelti.

Í búvörusamningum verði gert ráð fyrir fjármagni til aukinnar framleiðslu skógarplantna m.a. til átaks í skjólbeltagerð á bújörðum, en framleiðsla á skógarplöntum styður við loftslagsmál, auðlindauppbyggingu og framþróun í öðrum búgreinum (túnrækt, kornrækt, grænmetisrækt). Innlend framleiðsla er forsenda þess að aðgengi að skógarplöntum sé tryggt.

F. Tryggingavernd í landbúnaði.

Lagt er til að stjórnvöld fylgi tillögu C í skýrslu starfshóps um tryggingamál bænda, en skýrslan var birt í september 2022. Felur sú leið í sér að nýtt kerfi verði þróað þar sem meginhugsunin er að koma til móts við viðtækari áföll/ljón í landbúnaði en nú gerist, en samt byggt á því grundvallaratriði að því sé ætlað að veita stuðning vegna stóráfalla sem önnur vernd nær ekki yfir.

Þannig er sérstaklega mikilvægt að þessi leið verði valin til að treysta grundvöll kornræktar og annarrar útiræktunar.

G. Starfsskilyrði garðyrkjunnar – sérkröfur.

G.1 Breyting á stærðartakmörkum í jarðræktarstuðningi.

Í dag þarf útiræktun að fara fram að á lágmarki 1 ha til að ræktun sé styrkhæf í jarðræktarstyrk. Lagt er til að þetta viðmið verði lækkað þar sem slík breyting ýtir undir nýliðun og hvetur til ræktunar grænmetis í blönduðum búskap.

G.2 Beingreiðslur C í búvörusamning garðyrkjunnar.

C-greiðslur garðyrkjunnar verði festar í 95% endurgreiðslu og verði skilgreindar sem taxtaleiðrétting hjá ylrækt í gróðurhúsum. Með því er verið að stíga stórt skref inn í framtíðina með því að eyða mikilli óvissu í rekstrarkostnaði ylræktarbænda. Með þessu er ekki verið að skerða stuðning þeirra þegar nýir aðilar koma inn í greinina og/eða núverandi garðyrkjubýli stækka.

G.3 Framleiðsla á lífrænum garðyrkjuafurðum.

Stjórn búgreinadeildar garðyrkjunnar leggur til að mótaðar verði tillögur um almennan stuðning við lífræna garðyrkjuframleiðslu með það að markmiði að auka nýliðun, aðlögun að lífrænum búskaparháttum og styrkja greinina til lengri tíma. Brugðist verði við því í endurskoðun búvörusamninga til að auka magn og hlutfall lífrænnar framleiðslu hér á landi og stuðla þannig að vexti í garðyrkjuframleiðslu. Brýnt er að draga úr þeim aðstöðumun sem ríkir á sviði lífrænnar framleiðslu þar sem önnur ríki styðja sérstaklega við sinn lífræna landbúnað t.d. með álagi á allar stuðningsgreiðslur og öðrum viðtækum stuðningi.

G.4 Jarðræktarstuðningur við ræktun niturbindandi plantna.

Lagt er til að ræktun belgjurta og annarra niturbindandi plantna, s.s. í kornrækt og annarri akuryrkju, verði gjaldgeng til umsóknar um jarðræktarstyrk, sem almennt er nú skilyrtur við uppskeru á sama ári. Með þessari leið er kominn hvati fyrir bændur að minnka áburðarkaup og getur þessi leið því talið beint til loftlagsaðgerða. Einnig mun þessi leið beina bændum í átt að lífrænni framleiðsluháttum. Einnig er vakin athygli á því að ræktun belgjurta er nú skilyrði í reglum um lífræna framleiðslu, sem veldur kostnaðarauka á framleiðsluna á sama tíma og bændur njóta ekki jarðræktarstuðnings.

G.5 Tækjastuðningur til að efla loftlagsvænni landbúnað.

Auðvelda þarf bændum að vélvæða ræktunina til að styrkja stöðu og framþróun útiræktunar. Í nágrennalöndunum eru dæmi um styrki til tækjakaupa sem efla loftlagsvænni landbúnað. Slík tæki stuðla ekki endilega að aukinni uppskeru en þau ýta undir loftlagsvænnar aðgerðir, bæta jarðveginn og stuðla að virkara hringrásarhagkerfi. Í dag eru engir styrkir eða opinber stuðningur sem greiðir leið bænda til tækjakaupa í þessa átt.

G.6 Endurvinnsla á áburðarvatni í gróðurhúsum.

Að veittur sé stuðningur til ylræktarbænda til að setja upp endurvinnslukerfi sem sóttþreinsar og endurnýtir áburðarvatnið. Áburður hefur hækkað mest í rekstrarkostnaði garðyrkjustöðva, með endurvinnslubúnaði er möguleiki á að endurvinna allan áburð sem annars myndi falla út. Gera má ráð fyrir 30-50 % sparnaði í áburðakaupum hjá ylræktarbændum. Þessi aðgerð telur beint inn í loftlagsaðgerðir.

G.7 Jarðræktarstuðningur sem hvati til nýsköpunar.

Uppfæra þarf flokkun á stuðlum einingaverðs sem notaðir eru við útreikning á jarðræktarstyrki við útiræktun grænmetis. Núna er flokkað og styrkt eftir afmörkuðum lista tegunda ofan- og neðanjarðar sem er gríðarleg einföldun á skilgreiningu tegunda til ræktunar. Í dag skortir hvata fyrir nýsköpun og tilraunir sem auka fjölbreytni og framboð á tegundum og getur þessi skilgreining hamlað slíku. Opna þarf tegundalistann svo auðveldlega megi styrkja fleiri tegundir og tengja styrkveitingar skýrt við tegundir en ekki tala um ofan- og neðan jarðar grænmeti.

H. Starfsskilyrði sauðfjárræktar – sérkröfur.

H.1 Stöðvun á niðurröppun greiðslumarks.

Stöðva skal niðurröppun greiðslumarks út samningstímann.

H.2 Greiðslumark verði ekki lagt niður við lok gildandi samnings.

Horfið verði frá því að leggja niður greiðslumark við lok gildandi sauðfjársamnings.

H.3 Markaður með greiðslumark.

Við endurskoðun sauðfjársamnings verði horft til þess að viðhalda markaði með greiðslumark. Unnið verði að því að koma greiðslumarki á markað sem legið hefur niðri í tvö ár líkt og ályktað var um á Búgreinaþingi árið 2022. Einnig verði greiðslumark (3.496 ærgildi) sem fallið hefur niður sett á markað.

H.4 Fjárfestingarstuðningur.

Gerð er krafa um að hámarks framlag vegna stofnkostnaðar framkvæmda verði hækkað úr 20% í 40% til samræmis við það sem er í öðrum búgreinum s.s. nautgriparækt. Í forgangi við úthlutun vegna nýframkvæmda og tæknivæðingar.

H.5 Endurskoðun býlisstuðnings.

Við endurskoðun sauðfjársamnings verði þrepaskipting og lágmörk býlisstuðnings endurskoðuð með það að markmiði að sú bústærð sem getur borgað einum manni sem næst meðallaunum fái hæstan stuðning. Horft verði til fyrirliggjandi gagna úr rekstrargreiningum í þessu tilliti.

I. Starfsskilyrði nautgriparæktar – sérkröfur.

I.1 Þróunarfé verði aukið.

Mikil eftirspurn er eftir fjármagni til rannsóknarverkefna í nautgriparækt um þessar mundir og þá sér í lagi til verkefna tengdum loftslagsmálum. Í dag eru 15 milljónir eyrnamerktar til þessa málaflokks í rammasamningi sem er hvergi nærri nóg. Einnig hafa verið teknar 30 milljónir af öðrum liðum síðustu ár en ekki dugað til. Fast þróunarfé í nautgriparækt hefur verið of lág upphæð undanfarin ár og þegar bætt hefur verið við er það aðeins til eins árs í senn og því erfiðara að sækja um fyrir verkefni sem ná yfir lengri tíma.

I.2 Fjárfestingarstuðningur verði aukinn.

Gerð er krafa um aukinn stuðning vegna fjárfestinga í framkvæmdum sem lúta að bættum aðbúnaði, bættri geymslu og nýtingu búfjáraburðar, sem og umhverfisvænni lausnum í fóðuröflun, fóðurverkun og geymslu. Kröfur og tækni í landbúnaði taka breytingum og við því þarf að bregðast. Mikil vitund hefur vaknað innan greinarinnar að stuðla að bættum aðbúnaði dýra og starfsfólks og bættri nýtingu á öllum „afurðum“ sem falla frá dýrunum. Krafa um aukna sjálfbærni og skilvirkni leiðir líka til þess að sú tækni og þróun sem viðgengst í gær er úrelt í dag og því þarf að bregðast við. Mikilvægt er því að Íslendingar verði í fararbroddi á heimsmælikvarða hvað það varðar að vera með sjálfbæran og skilvirkan landbúnað.

I.3 Krafa er gerð um að gripagreiðslur á mjólkurkúr verði felldar niður.

Horfið verði frá gripagreiðslum á mjólkurkúr. Þess í stað verði því fjármagni sem í dag er greitt út á mjólkurkúr, greitt út á framleiðslutengda liði mjólkur. Áfram verði gripagreiðslur á holdakúr. Felur slík breyting í sér einfaldara kerfi, skilvirkara og loftlagsvænna.

I.4 Ráðstöfun greiðslumarks sem ekki er nýtt.

Greiðslumark framleiðenda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár fari sjálfkrafa á markað. Greiðslumarkshafi fái greitt fyrir það jafnvægisverð markaðarins. Stefna þurfi þannig að því að betra samhengi sé á milli greiðslumarks og framleiðslu bóa. Erfitt er að áætla fyrir fram hversu mikið kemur til útjöfnunar að loknu framleiðsluári og þar með er hætta á því að sú staða myndist að ekki náist að framleiða fyrir þarfir markaðarins. Núverandi kerfi byggir á því að einhverjir bændur séu tilbúnir til að framleiða umfram greiðslumark, án þess að vita hversu mikið þeir fá greitt fyrir mjólkina, til þess að fylla skarð þeirra sem ekki nýta sitt greiðslumark.

I.5 Heimilt verði að gjaldfæra kaup á greiðslumarki.

Gerð er krafa um að heimilt verði að gjaldfæra kaup á greiðslumarki. Enn fremur verði heimilt að gjaldfæra greiðslumark sem þegar hefur verið keypt en ekki gjaldfært í reikningum bænda. Er þetta aðgerð sem auðveldar nýliðun, felur í sér aukið hagræði í greininni og styrkir stöðu hennar og framþróun.

I.6 Framkvæmd erfðamengisúrvals verði tryggð.

Tryggja þarf rekstrarkostnað á verkefninu til framtíðar en áætlaður árlegur rekstrarkostnaður þess er yfir 50 milljónir króna. Um er að ræða mikilvæga loftslagsaðgerð.

J. Starfsskilyrði hrossaræktar – sérkröfur.

J.1 Aðkoma að búvörusamningum.

Lagt er til að hrossabændur fái aðkomu að búvörusamningum. Er það mikilvægt til að treysta grundvöll og framþróun greinarinnar auk þess sem það er eðlileg krafa að stuðningur verði tekinn upp og að hrossabændur sitji þannig við sama borð og aðrir kjötframleiðendur.

J.2 Kynbótastarf.

Einnig er mikilvægt að fjármunir verði tryggðir vegna kynbóta- og markaðsstarfs íslenska hestakynsins og til að standa vörð um ættbók íslenska hestsins og upprunandið Ísland.

Ítarefni til stuðnings kröfum

Sauðfjárrækt

Í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá árinu 2016 segir í grein 20.1:

Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Við endurskoðanir verður fyrst og fremst höft til þess hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir og það metið í samhengi við samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparræktar og sauðfjárræktar.

Í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá árinu 2016 segir um endurskoðun í grein 15.4:

Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Þá skal höfa til sömu þátta og við þá fyrri.

Í 7. lið 2. gr. samkomulags um breytingar á fyrri samningi vegna sauðfjárræktar segir: *Endurskoðun samningsins fer fram næst árið 2023. Fyrst og fremst verður höft til þess hvernig framleiðsla sauðfjárfurða og afkoma í greininni hefur þróast og hvernig markmið samningsins og þessa samkomulags hafa gengið eftir. Einnig skal skoða þróun í bústærð, jölda búa eftir svæðum og jáljölda í landinu. Þá skal endurskoða býlisstuðning, bæði járhæðir og þrep.*

Í 1. gr. samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá árinu 2016 er fjallað ítarlega um markmið samningsins:

Meginmarkmið þessa samnings er að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjáfbærni, jölbreytni og verðmætasköpun eru höfð að leiðarjosi. Það verði gert með því að hlúa að þeirri menningu sem tengist sauðfjárrækt um leið og stuðlað er að framþróun, nýsköpun, nýliðun og eflingu byggðar um allt land.

- *Að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu.*
- *Að treysta stöðir sauðfjárræktar í byggða- og atvinnulegu tilliti.*
- *Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.*
- *Að stuðla að jölbreyttu framboði gæðafurða á sanngjörnu verði fyrir neytendur.*
- *Að efla gæðasýrða sauðfjárframleiðslu og aðra þætti sem henni tengjast þar með talið veiferð áyra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjáfbæra landnýtingu.*
- *Að efla markaðsstarf, nýsköpun og markaðsvitund í sauðfjárrækt með það fyrir augum að auka verðmætasköpun og möguleika greinarinnar til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum og gagnvart ferðamönnum.*

Í 1. gr. samnings um breytingar á samningi starfsskilyrði sauðfjárræktar frá árinu 2016 sem gerður var árið 2019 er bætt við þessi markmið:

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að jafnvægi framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárfurðir, auka frelsi sauðfjárbænda, að auðveldara verði að takast á við sveflur í ytra og innra umhverfi greinarinnar og auðvelda aðlögun að breyttum búskaparháttum. Markmið gildandi samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar standa auk þess óbreytt.

Nautgriparækt

Í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar frá árinu 2016 segir um endurskoðun í grein 14.1:

Fyrst og fremst verði horft til þess hvernig framleiðslan hefur þróast, bæði í mjólk og nautakjöti, hvaða árangur hefur náðst við úflutning mjólkuráfurða og hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir.

Einnig segir í grein 14.4:

Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023.

Í 1. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá árinu 2016 er fjallað ítarlega um markmið samningsins en engin efnisleg breyting var gerð á þeim markmiðum við endurskoðun á árinu 2019:

1.1 Meginmarkmið samnings þessa er að efla íslenska nautgriparækt, skapa greininni sem jölbreyttust sóknarfæri og undirbúa hana undir áskoranir næstu ára. Samningnum er ætlað að hveja til þróunar og nýsköpunar í greininni með heilnæmi og gæði áfurða, velferð áyra og samfélagslega ábyrgð að leiðarjosi.

- *Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu nautgripáfurða og stuðningur ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði.*
- *Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hápi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.*
- *Að stuðla að jölbreyttu framboði gæðáfurða á sanngjörnu verði fyrir innanlandsmarkað.*
- *Að gætt sé sjónarmiða um áyraveferð og heilnæmi áfurða.*
- *Að greinin fái svigrúm til að búa sig undir aukna erlenda samkeppni og skapa aðstæður til að nýta sóknarfæri á erlendum mörkuðum.*
- *Að greinin geti endurnýjað framleiðsluáðstöðu í samræmi við auknar kröfur um aðbúnað og velferð gripa*

Garðyrkja

Í samningi um starfsskilyrði garðyrkjunnar frá árinu 2016 segir í grein 8.3:

Síðari endurskoðun skal fara fram árið 2023. Þá skal horfa til þess hvernig framleiðsla garðyrkjuafurða hefur þróast og hvernig markmið samningsins hefi gengið eftir.

Í 1. gr. samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá árinu 2016 er fjallað ítarlega um markmið samningsins:

Markmið samningsins Markmið þessa samnings eru að efla í hvívetna íslenska garðyrkju með heilnæmi, gæði og áreiðanleika afurða að leiðarjóni, ásamt vandaðri umgengni við samfélag og umhverfi. Samningnum er ætlað:

- *Að auka framboð og neyslu á garðyrkjuafurðum í samræmi við iðgheilsustefnu sjórnvalda og aukna vitund almennings um hollustu og heilbrigða lifshætti.*
- *Að stuðla að jölbreyttara framboði á garðyrkjuafurðum árið um kring á sanngjörnu verði fyrir neytendur.*
- *Að auka fagmennsku, hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendar garðyrkjuframleiðslu.*
- *Að treysta tekju- og starfsgrundvöll framleiðenda garðyrkjuafurða.*

Að stýçja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendar framleiðslu.

Í 1. gr. samnings um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá árinu 2016 sem gerður var árið 2020 er bætt við þessi markmið:

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu garðyrkjuafurða með áherslu á aðgerðir í lçftslagsmálum og jöþætta stefnumótun. Jçfi. Framt er markmið samkomulagsins að við endurskoðun samningsins 2023 hefi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25%, miðað við meða framleiðslu áráanna 2017-2019, til að auka markaðshlutdeild innlendar framleiðslu. Markmið gildandi samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða standa auk þess óbreytt.

Rammasamningur

Í rammasamningi um starfsskilyrði landbúnaðarins frá árinu 2016 segir um endurskoðun í grein 20.1:

Endurskoðun samnings fer fram tvisvar á samningstímanum árin 2019 og 2023. Við endurskoðanir verður fyrst og fremst horft til þess hvernig markmið samningsins hafi gengið eftir og það metið í samhengi við samninga um starfsskilyrði garðyrkju, nautgriparæktar og sauðfjarræktar.

Í 1. gr. rammasamnings um starfsskilyrði landbúnaðarins frá árinu 2016 er fjallað ítarlegum um markmið samningsins en þar segir:

Í grein 1.1:

Meginmarkmið samnings þessa er að efla íslenskan landbúnað og skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri. Samningnum er ætlað að skapa landbúnaðinum ramma til að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Sú uppbygging þarf að fara fram á grundvelli sérstöðu, sjálfbærni og fjölbreytni. Í því skyni eru í samningnum ný verkefni sem ætlað er að treysta stöðir landbúnaðarins og ýta undir framþróun og nýsköpun.

Í grein 1.2

Markmið:

- *Að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu búvара ásamt stuðningi ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og fjölbreyttu framboði gæðaaufurða á sanngjörnu verði.*
- *Að tryggja að bændum standi til boða leiðbeiningaþjónusta og skýrsluhaldshugbúnaður til að styðja við framgang markmiða samningsins.*
- *Að við búvöruframleiðsluna sé gætt sjónarmiða um velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu.*
- *Að auka vægi lífrænnar framleiðslu.*
- *Að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu bænda.*
- *Að auðvelda nýliðun, þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda og tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.*

Í samkomulagi um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sem gert var árið 2021 er viðbót við áðurgreind markmið en þar segir í grein 1:

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum og fjölpætta stefnumótun. Landbúnaður á Íslandi er burðarás í atvinnulífi hinna dreifðu byggða í landinu. Samningi þessum er ætlað hvetja til aukinnar verðmætasköpunar, hagkvæmni, sjálfbærni, fjölbreytileika og nýsköpunar í greininni. Samningsaðilar eru sammála um að strangar kröfur eigi að gilda um dýravelferð, hreinleika og heilbrigði ásamt því að fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar þarf að vera í fyrirrúmi. Tryggja verður að bæði innlend framleiðsla og innfluttar landbúnaðarafurðir feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna. Traust umgjörð um merkingar á búvöru meðal annars hvað varðar uppruna og framleiðsluhætti sameinar hagsmuni bænda og neytenda.

Landbúnaður og stjórnarsáttmáli

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, frá árinu 2021, kemur m.a. fram að íslenskur landbúnaður sé þungamiðja í innlendri matvælaframleiðslu sem efla eigi á kjörtímabilinu. Jafnframt kemur fram að búa eigi starfseminni samkeppnishæft umhverfi til að gera henni kleift að standa enn betur undir því föllþætta hlutverki sem hún gegnir í íslensku samfélagi, meðal annars við að skapa atvinnu og byggðafestu, auk þess að vera mikilvægur valkostur fyrir neytendur á Íslandi.

Þá kemur fram að setja verði metnaðarfull markmið um að auka hlutfall hollra og næringarríkra innlendra matvæla til að treysta fæðuöryggi. Jafnframt segir að með öfugri, innlendri matvælaframleiðslu sé stuðlað að heilnæmi matvara og auknu matvælaöryggi, til að mynda til að viðhalda góðri stöðu Íslands varðandi sýklalyfjaónæmi.

Í sáttmálanum er sérstaklega fjallað um endurskoðun búvörusamninga og að í þeirri vinnu verði m.a. lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu.

Einnig segir að aukinni framleiðslu á grænmeti verði náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sérstökum stuðningi við útiræktun í gegnum búvörusamninga.

Búvörusamningar í fjármálaáætlun 2024-2028

Í fjármálaáætlun fyrir árið 2024-2028 segir m.a. um búvörusamninga:

Núgildandi búvörusamningar tóku gildi árið 2017 og gilda til tíu ára. Seinni endurskoðun samninganna fer fram árið 2023 og verður samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á að tryggja fæðuöryggi á Íslandi með því að efla innlenda landbúnaðarframleiðslu. Jafnframt verður lögð áhersla á loftslags- og umhverfismál og einföldun búvörusamninga án þess að gera grundvallarbreytingar á samningunum.

Landbúnaðarstefna stjórnvalda til ársins 2040

Alþingi samþykkti landbúnaðarstefnu til ársins 2040 þann 1. júní sl. Er um að ræða þingsályktun sem Alþingi hefur ályktað að unnið skuli eftir. Í 1. mgr. stefnunnar segir:

Meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar verði að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Þar segir jafnframt að framtíðarsýnin feli m.a. í sér að;

Fæðuöryggi verði tryggt, Eðlileg nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði verði tryggð, Framleiðsla veðri arðbær og samkeppnishæf og tryggi byggðafestu og uppbyggingu þekkingar í samfélagi og að Ákvarðanir og stefnumótun á málefnasviðinu taki jafnan mið af samfélagsgæðum, jöfnuði óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu, og hag heildarinnar í efnahagslegu tilliti

Einnig segir að til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika verði lögð áhersla á nokkur meginviðfangsefni sem séu m.a. fæðuöryggi og fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.

Þessi meginviðfangsefni eru síðan nánar skilgreind og þar segir m.a. undir liðnum fæðuöryggi að:

Styrktar verði stoðir fjárhagslegrar afkomu framleiðenda sem einnar af undirstöðum fæðuöryggis.

Og undir liðnum um fyrirkomulag stuðnings við landbúnað segir m.a.

Við ráðstöfun opinbers fjár eða við aðrar aðgerðir til að efla stoðir landbúnaðar verði sérstaklega hugað að því að auðvelda kynslóðaskipti og nýliðun. Stuðningur við landbúnað skapi stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar.

Þá eru fleiri atriði í stefnunni sem hafa beina tengingu við framangreind atriði og má þar nefna:

Úr kafla um alþjóðleg markaðsmál: *Stuðlað verði með markvissum hætti að auknum ábata neytenda og aukinni samkeppni á markaði með landbúnaðarvörur en jafnframt verði gætt að hagsmunum og rekstrarskilyrðum innlendra framleiðenda.*

Úr kafla um neytendur: *Stuðlað verði að aðlögunarhæfni landbúnaðarins til að mæta þörfum neytenda á hverjum tíma.*

Spretthópsgreiðslur og áburðarstuðningur árið 2022


Í skýrslu matvælaráðuneytisins Sprettr úr spori – Skýrsla spretthóps vegna stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi sem kom út í júní 2022 segir m.a.:

Verð á helstu aðföngum til frumframleiðslu í landinu hefur hækkað á alþjóðamörkuðum og litlar líkur eru á að þær hækkanir gangi til baka á næstu mánuðum eða jafnvel misserum. Ástæður hærra verð að undanfögnu má einkum rekja til áhrifa heimsfaraldurs á framboðskeðjur og innrás Rússlands í Úkraínu. Hætta er á að verðþróun muni, að öllu óbreyttu, kippa stöðum undan rekstri bænda í landinu. Afleiðingin yrði sú að verulega myndi draga úr framleiðsluvilja bænda og framboð á innlendri vöru þar af leiðandi dragast saman. Slíkt hefð áhrif á fæðuöryggi landsmanna. Ljóst er að án aðgerða blasir við hættan á að landið þróist í öfuga átt hvað varðar innlenda framleiðslu og fæðuöryggi. Slík þróun myndi til lengri tíma, verði ekkert aðhafst, einnig fela í sér töpuð störf, byggðaröskun, neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og félagslegar þrengingar.

Á grundvelli skýrslunnar viðurkenndu stjórnvöld þann forsendubrest sem skýrslan fjallar um enda voru auknar greiðslur til bænda á árinu 2022 á grundvelli skýrslunnar um 2,5 milljarðar króna. Var það til viðbótar áður ákveðnum bótum vegna mikillar hækkunar áburðarverðs en sá stuðningur var tæpar 700 milljónir á árinu 2022. Engar slíkar greiðslur virðast hinsvegar vera í farvatninu hjá stjórnvöldum á árinu 2023 þrátt fyrir óbreytta stöðu varðandi aðfangakostnað.

Kjötframleiðsla

Innlend framleiðsla á kjöti hefur dregist saman fjögur ár í röð. Ástæðan er einkum vegna lélegrar afkomu í framleiðslu á nautakjöti og kindakjöti. Samdráttur í framleiðslu á svínakjöti og alifuglakjöti er einkum vegna áhrifa frá regluverki og tollasamningum. Samdráttur í framleiðslu á kjöti á sér stað á sama tíma og Íslendingum er að fjölga og fleiri ferðamenn sækja landið heim. Mikilvægt er að skapa kjötframleiðslu viðunandi rekstrarskilyrði að öðrum kosti verður hrun í þessari framleiðslu innan fárra ára.



Þróun á kostnaðarliðum

Myndin hér fyrir neðan gefur glögga mynd af þróun helstu rekstrarvara í landbúnaði. Miklar hækkanir sem urðu árið 2022 hafa ekki gengið til baka á þessu ári. Þar að auki hefur launakostnaður hækkað mikið og það sem síðan munar mest um hafa vextir hækkað gífurlega. Landbúnaðurinn býr yfir mikilli skuldsetningu miðað við veltu. Undanfarin ár hefur verið fjárfest myndarlega í landbúnaði með það að markmiðið að bæta aðbúnað gripa og auka vinnuhagræðingu. Þannig hefur orðið tilfærsla á kostnaðarliðum frá launalið yfir á fjármagnsliði. Þess vegna hefur átt vaxtastig sérstaklega mikil áhrif á afkomu þeirra bænda sem hafa lagt í fjárfestingar í sínum rekstri.

